

## REGLUGERÐ

um breyting á heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972,  
með síðari breytingum.

1. gr.

162. gr. orðist svo:

- 162.1. Búpening má ekki hafa í sama húsi og mannaíbúðir.
- 162.2. Peningshús, þar með talin loðdýrabú, alifuglabú, svínabú og áburðargeymslur mega aldrei standa nær vatnsbóli en 100 metra og ætíð svo að land halli frá vatnsbóli.
- 162.3. Óheimilt er að reisa loðdýrabú, alifuglabú og svínabú nær mannabústöðum eða vinnustöðum annarra en sjálfs búsins en sem nemur 500 m. Í strjálbýli er heimilt að reisa slík bú nær mannabústöðum á aðliggjandi bújörðum með samþykki hlutað-eigandi ábúenda og/eða eigenda. Að öðru leyti skal farið að fyrirmælum heilbrigðis-nefndar um staðsetningu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. gr. laga nr. 109/1984, um heilsuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. desember 1985.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 458, 1. nóvember 1979  
fyrir Rafveitu Akureyrar.

1. gr.

1. mgr. 7. gr. orðist svo:

Rafverktakaleyfisnefnd á orkuveitusvæðum 5 og 6 veitir þeim rafverktaka leyfi, sem fullnægja skilyrðum og skilmálum nefndarinnar.

2. gr.

Á eftir 4. mgr. 10. gr. komi ný mgr. svohljóðandi:

Rafveitunni er heimilt að taka heimtaugagjöld skv. gildandi gjaldskrá og er rafveitunni ekki skylt að tengja nýja heimtaug við veitukerfið fyrr en gjaldið hefur verið greitt.

Breyting þessi á reglugerð fyrir Rafveitu Akureyrar, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar, er hér með staðfest skv. vatnalögum nr. 15 frá 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 9. desember 1985.*

**Albert Guðmundsson.**

*Páll Flygenring.*